



Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2022
2211176/0.4.1

Efni: Umsögn embættis landlæknis vegna áforma um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996.

Í samráðsgátt stjórnvalda er nú til samráðs mál nr. 222/2022, „Áform um lagasetningu - breyting á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996“.

Embætti landlæknis styður áform heilbrigðisráðuneytisins um að breyta lögum nr. 55/1996 á þann veg að ákvæði laganna kveði ekki á um skyldu til þess að eyða fósturvísnum ef fyrir liggur upplýst samþykki aðila um að slíkt skuli ekki gera. Embættið er sammála því að um réttlætismál sé að ræða og að ríkir hagsmunir standi til þess að breyta lögnum að þessu leyti. Embættið bendir á að sífellt fjölbreytilegri fjölskylduform leiði til tilvika sem lög nr. 55/1996 nái ekki til og hafi embættið þegar vakið athygli heilbrigðisráðuneytisins á því, með bréfi dags. 16. desember 2021, í tilefni tveggja erinda sem embættinu bárust, að lögin þörfnuðust endurskoðunar með tilliti til þess. Þá sendi embætti landlæknis nefndarsviði Alþingis [umsögn um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun o.fl.](#) (einföldun regluverks) 8. mál, þar sem m.a. voru lagðar til breytingar á umræddum lögum er lúta að eyðingu fósturvísa,

Embætti landlæknis telur mikilvægt að breyta 10. gr. laga nr. 55/1996, er varðar eyðingu fósturvísa, þar sem aðstæður þeirra sem gangast undir tæknifrjóvgun kunna að breytast. Gildandi ákvæði laga nr. 55/1996 leiða m.a. til þess að einstæð kona er lagalega betur sett en fráskilin kona sem lagt hefur eigin kynfrumur til og átt hefur fósturvísi með fyrirverandi eigin konu sinni. Embætti landlæknis telur eðlilegt og sanngjarnt að þessu verði breytt þannig að réttarstaða fráskilinna samkynhneigðra kvenna verði sú sama og einstæðra kvenna samkvæmt lögnum.

Þá telur embættið þörf á að bætt verði við 10. gr. málsgrein er kveður á um skyldu til að upplýsa eigendur fósturvísa áður en fósturvísnum þeirra er eytt. Auk þess telur embættið að það þurfi að kveða á um það í lögnum að fyrir liggi upplýsingar um fjölda fósturvísa sem séu í geymslu hverju sinni.

Embætti landlæknis vekur enn fremur athygli á því að hvorki er að finna í núgildandi lögum nr. 55/1996 né í reglugerð nr. 144/2009 um tæknifrjógungun ákvæði sem takmarki notkun á kynfrumum sæðisgjafa hér á landi. Embættið bendir á að vegna smæðar íslensku þjóðarinnar ætti að takmarka notkun sæðisfrumna úr sama einstaklingi við að úr verði börn í einungis einni fjölskyldu eða tveimur að hámarki. Takmarkið sé að draga úr hættu á of nánum skyldleika einstaklinga þegar þessi börn sem fullorðnir einstaklingar finna sér maka. Embættið telur brýnt að úr þessu verði bætt og að kveðið verði á um þetta atriði í lögum nr. 55/1996.

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis